



### **Stjórnarfundur Grænu orkunnar 17.1.2023**

Fundurinn fór fram í Ármúla 6 og á Teams, klukkan **9:00-10:10**. Mætt voru Ágústa Loftsdóttir, Ásta Þorleifsdóttir, Erla Sigríður Gestsdóttir, Gunnar Valur Sveinsson, Helga Barðadóttir, Linda Fanney Valgeirsdóttir og María Jóna Magnúsdóttir.

Jón Björn Skúlason og Anna Margrét Kornelíusdóttir verkefnastjórar, sátu einnig fundinn.

#### **Dagskrá:**

1. Málefnavinna og samskipti við hagaðila  
Loftslagsvegvisir Atvinnulífsins  
MJM fór í grófum dráttum yfir Loftslagsvegvisi Atvinnulífsins sem nú er verið að uppfæra en hann [kom fyrst út í júní 2021](#). Þetta tengist vinnu að geiranálgun að samdrætti í losun sem [verið hefur til umræðu undanfarna mánuði](#). Sett verða niður mælanleg markmið og aðgerðir á tímalínu og unnið verður eftir danskri fyrirmynd. Sjá einnig frá Fossilfritt Sverige: [22 roadmaps for fossil free competitiveness](#)  
Íslenska ríkið hefur þegar skuldbundið sig til að ná 29% samdrætti og einnig er landsmarkmið Íslands 55% en ekki er ljóst hvort sett verði metnaðarfullri markmið. Geirarnir eru eftirfarandi: Samgöngur á landi, Mannvirkjagerð, Sjávarútvegur, Fiskeldi, Málframleiðsla, Flug, Orka og veitur, Verslun, Fjármál og váttryggingafélög, og loks Úrgangur. Reiknað er með að niðurstöður verði kynntar í maí á grænu viðskiptaþingi.
2. Viðburðir 2023
  - a. Kynning á ESB köllum í klasa 5  
17. janúar kynnir Clean Hydrogen Partnership nýtt vetniskall. AMK mun fylgja málinu eftir og boða til rafrænnar kynningar fljótlega en af fyrri kynningu varð ekki í desember vegna forfalla.
  - b. Tillögur komu fram á fundi í október um að fjallað yrði um vindorku, gjaldskrá raforku, orkuskipti og uppbygging raforkudreifikerfisins og áhrif orkuskipta á orkuöryggi  
GO hefur ekki fjallað um orkuöflun hingað til. Vindorka er umdeilt málefni, orkuskortur og mikil umræða um hvort leyfa skuli vindorku yfir höfuð.

Hvernig rímar vindorka við orkuskipti? Viljum við framleiða orku og vetni til að geyma hana?

EFLA, Samorka, SVP og Nýorka vinna að verkefni um dreifikerfi raforku fyrir rafmagnstrukka. Niðurstöður ættu að vera tilbúnar í vor (apríl/maí) – þær mætti kynna á opinberum vettvangi og tengja þar vindorku við umræðuna. E.t.v. mætti tengja þennan viðburð við aðalfund Grænu orkunnar. GO byði aðilum sem hafa áform um að byggja vindorkuver að fjalla um sín verkefni í samhengi við efnistöð fundarins.

ESG vantar endurgjöf frá stjórn um verkefni URN sem varða það að breyta tengivirkjum Landsnets í sk. tengilvirki.

Starfshópur um orkuskipti – ný auglýsing fyrir orkusjóð er í bígerð, öllum velkomid að senda tillögur um breyttar áherslur til ESG/HB. Upphæðin verður sambærileg og í fyrra, mögulega í 2 hollum. **Frestur til loka næstu viku (27.jan).**

Orkusjóður hefur þegar opnað fyrir umsóknir bílaleiga um styrk vegna niðurgreiðslu, þak 1 milljón á bíl og alls milljarður króna. Skilyrði eru þau að bílaleiga verður að eiga bílinn í 10 mán og aka 10.000 km áður en hann fer á eftirmarkað. Bíllinn má ekki kosta meira en 10 milljónir og umsækjandi þarf að vera skráður með leyfi 31.12.2022. Umfram eftispurn strax á fyrstu vikum ársins. Mikilvægt að haldið sé vel á spöðunum þannig að fjármagnið dreifist sanngjarnt á milli umboða.

### 3. Önnur mál

Gerð myndefnis um orkuskipti – samstarf Samorku, URN og fleiri aðila

Ari Trausti og Valdimar Leifsson hjá Lífsmynd undirbúa gerð orkuskipta myndbanda. Komið er handrit og kostnaðaráætlun 30 milljónir. Ljóst er að ef orkufyrirtækin og Samorka hafa ekki áhuga á að styrkja duglega við verkefnið eru ekki forsendur til að gera það.

Um er að ræða umfjöllun um orkuskipti – klukkutími í sjónvarpi og YouTube sem eru 5 kaflar og hver í 10 mínútur. Markhópur er almenningur.

Málið fer fyrir stjórn hjá Samorku 3. febrúar og Grænvangur hittist í sömu viku til að kanna hvort til sé fjármagn í verkefnið.